

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRAN2DK05 Kvikmyndir

Undanfari FRAN1CC05

Áfangalýsing

Í þessum áfanga gefst kostur á að dýpka skilning á menningu viðkomandi tungumálasvæðis í gegnum áhorf og umræður um frönskumælandi kvikmyndir. Myndirnar eru flestar sýndar í tímaröð og eiga nemendur að öðlast þekkingu á sögu franskrar kvikmyndalistar, kynnst frönskum leikstjórum og leikurum.

Áfangamarkmið

Skilningur

- a. Hlustun: Nemandi á að: geta skilið heildarsamhengi í kvikmyndunum þótt hann skilji ekki hvert orð
- b. Lestur: Nemandi á að: geta lesið og skilið texta og greinar sem fjalla um kvikmyndir og kvikmyndatengt efni.

Talað mál

- a. Samræður: Nemandi á að geta: tjáð sig við aðra nemendur og kennara um efni kvikmyndar.
- b. Frásögn: Nemandi á að: geta sagt frá þræði kvikmyndar og sagt hvað honum finnst um hana.

Ritun

Nemandi á að: geta fjallað um kvikmyndatengt efni með fjölbreyttari orðaforða en hann hefur notað í undanfarandi áföngum.

Námsmat: Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Áfanginn er próflaus en mætingarskylda er 90%.